

Frumvarp til laga

um

s a n d g r æ ð s l u .

(Lagt fyrir alþingi 1914).

1. gr.

Heimilt er landsstjórninni að láta girða uppblásin svæði, sem uppblásturshætta getur stafað af, í þeim tilgangi, að þar verði unnið að sandgræðslu, bæði til þess að græða þau svæði að fullu og til þess að koma í veg fyrir, að uppblásturinn færist út. Allan þann tíma, sem að sandgræðslunni er unnið, hefir landsstjórnin full umráð yfir slíku svæði, og getur eigandi eða sá, er afnotarjett hefir yfir svæðinu, eigi krafist endurgjalds fyrir þau afnot, sem hann annars kynni að hafa af því.

2. gr.

Stjórnarráðið ákveður með samráði við sýslunefndir þær, er hlut eiga að máli, hver svæði skuli tekin til girðingar og sandgræðslu, en skógræktarstjóri gerir um það rökstuddar tillögur til stjórnarráðsins. Sá er óskar að fá girt uppblásið svæði í landeign sinni, sendir skógræktarstjóra beiðni um það og lætur fylgja itarlegar skýrslur um ástæður allar.

Þau svæði skulu að öðru jöfnu vera látin ganga fyrir, þar sem eigendur eða aðrir þeir, er að standa, vilja sjálfir leggja fram fje nokkurt til girðingarinnar.

3. gr.

Kostnað við girðing, umfram það er eigandi eða aðrir þeir, er að standa, leggja fram, skal greiða úr landssjóði að $\frac{3}{4}$, en úr sýslusjóði að $\frac{1}{4}$. A sama hátt skal greiða kostnaðinn við viðhald girðingarinnar þar til er fram er farin afhending sú, sem getur um í 7. gr.

4. gr.

Á þeirri jörð, þar sem sandgræðsla fer fram, er þeim, er umsjón hafa með verkinu fyrir hönd landsstjórnarinnar, heimilt að taka endurgjaldslaut það efni, sem nota má við sandgræðsluna, svo sem grjót, grassvörð, hris, víðikvisti og lyng, valdi það engum landsspjöllum. Sje hinsvegar um landsspjöll að ræða og krefjist eigandi eða nothafi bóta fyrir þau, má greiða þær eftir mati óvilhallra manna.

5. gr.

Ef einstakir menn setja girðingar fast við sandgræðslugirðinguna, skulu hlið vera á þeim, eigi fjær henni en 40 metra, svo að ganga megi tálmunarlaust kringum alt sandgræðslusvæðið til eftirlits.

6. gr.

Ekki má óupphleyptur vegur liggja um girt sandgræðslusvæði, og ekki svo nærri girðingunni utanvert við hana, að umferðin geti valdið þar uppblæstri. Ef af þessum ástæðum þarf að breyta um veg, eða gera upphleyptan veg, skal kostnaðinn við það greiða á sama hátt sem girðingarkostnaðinn.

7. gr.

Þá er sandfokið er heft og svæðið gróið upp, fær eigandi umráð yfir því aftur, en skylt er honum að hlíta reglum þeim um notkun þess, er stjórnarráðið setur eftir tillögum skógræktarstjóra til varnar því, að uppblásturinn byrji af nýju. Landeigandi eignast þá og girðinguna, en er síðan skyldur til að halda henni við á sinn kostnað, þar til stjórnarráðið kann að gefa leyfi til að taka hana upp, af því að svæðið er orðið svo vel gróið, að full vissa þykir um það, að uppblásturinn byrji ekki af nýju.

8. gr.

Ef uppblástur skyldi byrja af nýju eftir að eigandi hefir aftur fengið svæðið til umráða samkæmt 7. gr., þá er honum skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sje að engu leyti meðferð hans að kenna, og vanræki hann það, hefir landstjórnin rjett til að láta vinna verkið á hans kostnað.

9. gr.

Skógræktarstjóri skal hafa yfirumsjón með sandgræðslusvæðunum og girðingunum um þau, einnig eftir það að þau eru afhent eiganda til umráða. En í fjarvist hans skal hreppstjóri hafa eftirlit með þeim. Ef girðing skemmist áður en svæðið er afhent eiganda til umráða, skal eigandi jarðarinnar eða ábúandi skýra hreppstjóra tafarlaust frá skemdunum og er þá hreppstjóra

skylt að sjá um, að gert verði við girðinguna svo fljótt sem hægt er, en ábúandi skal verja svæðið fyrir ágangi af skepnum á meðan. Verði hreppstjóri þess var, að ábótavant sje meðferð sandgræðslusvæðisins eða að aftur sje farið að votta fyrir uppblæstri á því, eftir að það er gróið, skal hann gjöra skógræktarstjóra aðvart um það svo fljótt sem kostur er. Um árslok hver sendir hreppstjóri skógræktarstjóra skýrslu um það, hvernig girðingin og sandgræðslusvæðið hafi hafst við á árinu.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til landssjóðs, 5 til 100 kr., nema þyngri hegning liggji við eftir öðrum lögum. Með mál út af þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á fjárlögunum hefir undanfarið verið veitt fje nokkurt til sandgræðslu og sandheftingar. Við notkun fjárveitingar þessarar hefir það komið í ljós, að þörf er á lagaákvæðum, sem tryggi það, að ráðstafanir þær, sem gerðar eru í þessu efni, komi að tilætluðum notum. Stjórnarráðið hefir því, í samráði við skógræktarstjóra, sem hefir stjórn sandgræðslu og sandfoks málanna á hendi samkvæmt lögum nr. 54, 22. nóv. 1907, og stjórn Búnaðarfjelags Íslands, samið lagafrumvarp þetta, sem ætlað er að bæta úr þörfinni á lagaákvæðum um þetta efni.

Um hin einstöku ákvæði frumvarpsins skal þess getið, að samkvæmt 2. gr. er tilætlunin, að það sje samningamál, hve mikið eigendur jarða, þar sem sandfok er eða hætta kann að stafa af sandfoki frá annari jörð, og aðrir, t. d. hlutaðeigandi hreppsjóður, leggja fram til verksins móti tillagi úr landssjóði og sýslusjóði, þannig að þeir, að öðru jöfnu, sem ríflegar vilja til leggja, skuli ganga fyrir. Einnig skal þess getið, að nauðsynlegt hefir þótt eftir atvikum að leggja sönnunarskylduna á eiganda, um að hann hafi farið sæmilega með uppgrædd svæði, sem hann hefir fengið til umráða, eins og gert er í 8. gr. frumvarpsins.

Annars virðast hin einstöku ákvæði frumvarpsins ekki þurfa frekari skýringa við.
